

Lagt fyrir fund velferðarráðs 17. apríl 2024

Fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata í velferðarráði

Meirihlutinn óskar eftir því að velferðarsvið greini frá því hvers vegna ekki hefur enn komið tillaga frá sviðinu um annað og hentugra húsnæði undir starfsemi Konukots í samræmi við bókun meirihlutans frá 5. október 2022. Þá er einnig óskað eftir því að velferðarsvið greini frá stöðu málsins á næsta fundi.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs 5. október 2022 fól meirihlutinn í velferðarráði velferðarsviði að kanna möguleika þess að finna annað og hentugra húsnæði undir starfsemi Konukots með bókun undir lið 4 í fundargerð. Í dag 17. apríl 2024, 560 dögum síðar, hefur enn ekki borist formleg tillaga um annað og hentugra húsnæði frá velferðarsviði. Óskað er eftir því að sviðið greini frá því hvað veldur. Aukinheldur er umrædd bókun ítrekuð.